

Loðnuvinnslan hf  
Skólavegi 59  
750 Fáskrúðsfjörður

Reykjavík, 27.3.2025  
UST202402-123/F.T.  
08.10.02

## Samþykkt úrbótaáætlun vegna frávika í eftirliti

Umhverfis- og orkustofnun vísar í bréf sitt frá 8.1.2025, þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti í fiskimjölsverksmiðju Loðnuvinnslunnar, Fáskrúðsfirði þann 21.11.2024. Þrjú frávik voru skráð í eftirlitinu en tveimur þeirra var lokað í bréfinu. Tvö eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram en öðru þeirra var lokað í áður nefndu bréfi. Þann 5.3.2025 barst úrbótaáætlun rekstraraðila vegna þeirra frávika sem eru opin.

### Frávikin eru eftirfarandi:

1. Gr. 2.24 í starfsleyfi. Efni í efnageymslu eru án viðeigandi lekavarna.  
**Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila verður lokið við að byggja lekaþró vegna efnageymslu inni í verksmiðjunni 1. desember 2026.**
2. Gr. 8 í reglugerð nr. 884/2017. Rúmtak lekavarnar er ekki í samræmi við kröfur í reglugerð nr. 884/2017.  
**Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila verður lokið við að hækka/þétta vesturvegg lýsistankaþróar fyrir 1. september 2025.**

Umhverfis- og orkustofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti stofnunarinnar.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfis- og orkustofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Frigg Thorlacius  
lögfræðingur

Freyr Ævarsson  
sérfræðingur